




# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

## NR. 8 — JAN. '79



Útgefandi: ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að hafa borist ritnefnd fyrir 15. næsta mánaðar fyrir útkomu blaðsins.

#### STJÓRN ÍSALP

Formaður: Einar H. Haraldsson, s. 21586  
Gjaldkeri: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059  
Ritari: Ingvar Teitsson, s. 72236, vinna 29000-240  
Varaform: Helgi Benediktsson, s. 86139, vinna 12045  
Meðstjórn: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599  
- : Guðmundur Ingi Haraldsson, s. 10185, vinna 17400-292

#### Ritnefnd

Ábyrðarm. Ingvar Teitsson  
Aðrir í Erlingur Thoroddsen  
ritnefnd Guðmundur Ingi Haraldsson  
Magnús Guðmundsson, s. 30214  
Sighvatur Blöndahl, s. í vinnu 10100

#### Ferðanefnd

Einar H. Haraldsson  
Guðjón Ó. Magnússon  
Helgi Benediktsson  
Torfi Hjaltason, s. 24726

Bókavörður Einar H. Haraldsson

<u>Efni þessa blaðs:</u>	<u>Bls.</u>
Frá stjórninni.....	3
Leiðarvísisir ÍSALP: Annar þáttur - Hekla.....	5
- " -                 " - Langjökull.....	9
Tindfjöll.....	14
Gönguskíði.....	16
Úr félagsþarfi.....	23
Útbúnaður.....	25
Tölti einn síns liðs á Norðurþólinn.....	28
Dagskrá ÍSALP jan.- mars 1979.....	30
Forsíðumynd: Skáli Fjallamanna í Tindfjöllum	
Myndina tók: Magnús Hallgrímsson	

FRÁ STJÓRNINNINN:

Oft hefur verið bent á í ræðu og riti á vettvangi ÍSALP að þörf væri á húsnæði fyrir ÍSALP. Í slíku húsnæði væri hægt að halda fundi og hafa opið hús fyrir félagana til að hittast og skipuleggja ferðir. Þar væri unnt að hafa bókasafn klúbbsins þannig að félagarnir gætu notfært sér það. Talið er að slíkur samastaður geti orðið félaginu lyftistöng og hefur verið bent á reynslu Danska alpaklúbbsins í þessu viðfangi.

Stjórn ÍSALP hefur verið þessarar skoðunar og hefur nú um nokkurt skeið leitað að hentugu húsnæði. Nú um áramótin var gengið frá leigu á húsnæði fyrir félagið og vill stjórnin láta reyna á hvort það kemur að notum.

Leiga á húsnæði er mjög dýr og var því gripið til þess ráðs að ganga til samstarfs við annað félag um húsnæði og er það Skandinavisk Boldklub. Það er 60-70 manna félag, sem áður starfaði sem íþróttafélag, en nú er starfsemin einkum fólginn í því að félagar hittast reglulega yfir kaffi og fara auk þess í ferðalög á sumrin.

Húsnæðið er á efri hæð Grensásvegar 5 í Reykjavík og er u.p.b. 50 m<sup>2</sup>. Þetta er eldhúskrókur og tvö herbergi, þar af annað um helmingur plássins. ÍSALP á enga innanstokksmuni en svo hefur samist við Skandinavisk Boldklub að við fáum afnot af húsmunum þeirra.

ÍSALP hyggst nota húsnæðið þannig að eitt kvöld í viku, þegar ekki eru almennir félagsfundir, verður opið hús. Þá geta félagar hist og rætt um hugðarefnini sín, skipulagt ferðir o.p.h. Húsnæðið verður tekið fyrst í notkun á félagsfundinum 24. janúar.

Í þessu blaði birtist ný áætlun fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars. Í henni eru auk funda, dags- og helgarferðir. Þess má geta að aðalfundurinn verður í febrúar.

Sá háttur verður tekinn upp nú að þegar þarf að fá áætlunar-bíl í ferðir verður tekið 2000 kr. Óafturkræft tryggingargjald af þeim sem ætla í ferðina. Þetta gjald dregst svo að sjálfsögðu frá fararkostnaði. Gripið er til þessa ráðs vegna þess að brögð eru að því að menn segjast ætla í ferðir en koma ekki. En þá er búið að semja um farattæki, sem reynist þá of stórt og óhagkvæmt.

Ekki verður skipulögð Alpaferð af hálfu félagsins næstkomandi sumar eins og gert var í fyrrasumari. Það stafar m.a. af því að erfitt er að fá menn til að taka að sér leiðsögn og væntanlegir þátttakendur þurfa að gefa ákveðin svör tímanlega, sem h efur reynst erfitt. Þess vegna er ekki auðvelt að skipuleggja ferðina nægjanlega vel í tíma. Hins vegar mun ISALP veita mönnum leiðbeiningar við skipulagningu og undirbúning slíkra ferða, benda á leiðsögubækur og gefa góð ráð, ef einhverjir hyggjast fara í Alpana í sumar. Áhugasamir snúi sér til stjórnarinnar.

Rætt hefur verið um að fara í sumar í vikuferð til Esjufjalla eða eithvers fjallasvæðis í Öræfunum. Einnig hefur Tröllaskagi verið nefndur í þessu sambandi. En þar er áhugavert svæði upp af Skíðadal. Þeir sem hafa hug á slíkri ferð ættu að hugsa málið en nánar verður sagt frá þessu síðar.

- - - - -

#### NANDA DEVI Í BANN

Hymalajatindurinn Nanda Devi, 7820 m, sem hefur verið mjög fjölsóttur af fjallgöngumönnum hin síðari ár, hefur nú verið settur á bannlista fyrir fjallgöngumenn, að sögn H.C. Sarin, forseta Indverska fjallgöngusambandsins.

Mun þetta bann tilkomið vegna þess að bandarísk herflutningavél "ku" hafa misst kjarnorkusprengju niður á svæðinu við fjallið fyrir um 13 árum, en það fékkst ekki upp úr ráðamönnum fyrr en á þessu ári.

#### JANNU KLIFINN ÁN SÚREFNIS

Nepalski tindurinn Jannu, 7714 m, var klifinn fyrir skömmu, án notkunar súrefnis og án aðstoðar burðarmanna Sherpa. Þeir sem sigruðu tindinn voru fjórir Bretar, þeir Rib Carrington, leiðangurstjóri, Alan Paul Ronse, Brian Hall og Of Kendal.

Bretarnir voru tvær vikur að klífa sjálft fjallið frá aðalbúðum, "base camp", í um 300 m hæð.

LEIÐARVÍSIR ÍSALP:

ANNAR ÞATTUR - HEKLA OG LANGJÖKULL


HEKLA:

Yfirlit:

Hekla hefur frá fornu fari verið frægasta fjall Íslands og jafnframt eitt frægasta eldfjall í Evrópu. Frægð sína hefur Hekla fengið af stórkostlegum eldgosum, sem komið hafa nær því á hverri 8ld frá landnámi Íslands. Fyrsta stórgosið, sem sögur fara af, var árið 1104, síðasta gos úr Heklu sjálfri hófst vorið 1947. Auk þess gaus á nokkrum stöðum í hlíðum Heklu og við rætur hennar vorið 1970.

Hæð Heklu yfir sjó er 1491 m. Fjallið gnæfir hátt yfir allt næsta umhverfi sitt, og í góðu skyggni er afar víðsýnt frá tindinum.

Hekla er hryggur með stefnu NA-SV, líkt og flestar jarðsprungur um miðbik Suðurlands. Í norðvesturhlíð fjallsins er nokkur jökull. Helstu kennileiti á Heklu og við hana eru:



Hekla - yfirlitskort

Toppgígur, gígskál áfst á fjallinu, hæsti tindur Heklu, er á norðurbarmi gígsins. Verulegur jarðhiti er í kringum Toppgíg, ekki síst suðvestan hans.

Axlargígur, gígskál á suðvesturöxl fjallsins. Þar í kring er mikill jarðhiti, m.a. brennistenshitur með viðeigandi fnyk.

Litla-Hekla, öxl sem gengur norðvestur úr meginfjallinu, 960 m á hæð. Ekið hefur verið á jeppum þar upp, en ekki er það greiðfært.

Skjólkvíar, landsvæði við norðurrætur Heklu, þar eru m.a. eldstöðvar og úfið hraun frá 1970.

Segja má að Hekla sé auðveld uppgöngu frá öllum hliðum, þ.e. óvíða eru hamrar eða torfærur í hlíðunum. Hins vegar er langoftast gengið á fjallið að norðan og vestan, á þeim slóðum verður komist næst því á bíl. Ekki er að jafnaði bílfært nærri Heklu fyrr en komið er fram á summar, t.d. seinni hluta júní.

Besta kort af Heklu og nágrenni, sem fáanlegt er nú, er "Atlasblað" No 57, kvarði 1:100.000, frá Landmælingum Íslands. Einnig má nefna "Aðalkort" No 6, 1:250:000, frá sama útgefanda.

Af bókum um svæðið má nefna árbók F.I. 1945, sem þó er nú að nokkru úrelt vegna breyttra aðstæðna eftir gosið 1947. Einnig má nefna bókina "Eldur í Heklu" eftir dr. Sigurð Þórarinsson, sem fjallar um gosið 1947.

#### Einstakar leiðir:


No 1: Skjólkvíaleið: Auðveldasta leiðin á Heklu, gengið er suðvestur háhrygg fjallsins, farið upp á hrygginn við norðaustur-rætur Heklu.

Loftlína (innst úr Skjólkvíum): 8-9 km

Lððrétt hækkun: 1100 m

Áætlaður göngutími (innst úr Skjólkvíum í sәmilegu göngu færi): 3-4 klst.

Ekið er út af veginum upp með Þjórsá að austan, gegnt Búrfelli, inn á Landmannaleið (Dómadalsleið). Þá er beygt til suðurs út af Landmannaleið nærri hnúknunum Skjaldbreið (387 m). Er þar ekið eftir söndum, og getur verið erfitt að hitta á rétta leið upp í Skjólkvíar, austan hraunsins frá 1970. Sumarfært er á fólksbíl upp Landmannaleið, en hæpið að fara upp í Skjólkvíar nema á fjórhjóladrifsbíl.



Þegar komið er inn í Skjólkvíar, er gengið upp að norðurenda Heklu-hryggjarins. Er þar fyrst gengið upp með Skjólkvíahrauninu, hraunið á hægri hönd. Þá er gengið til SA, upp í slakka sem er SV undir hnúkunum Rauðkembingum. Eftir það er gengið til SV upp Heklu-hrygginn, fyrst upp á lágan hrygg (940 m, sjá "Atlasblað" No 57) og síðan upp hraun og hjarnbrekkur upp í Heklugjána, gossprungu í NA-öxl fjallsins.

Háhryggur fjallsins er næsta flatur norðaustan til, gengið er suðvestur hrygginn þar sem hæst, ber, og sér þá brátt til Toppgígs. Hér má stundum finna íshella og aðrar jarðhitamyndanir í snjónum í 1200-1300 m hæð, en ekki er þó teljandi jökull né aðrar hættur á gönguleiðinni.

Fast austan Toppgígs er lítill gígur, sem gengið er framhjá. Er þá komið upp á barm Toppgígs, og er stutt, en víða bratt, eftir gígrindanum upp á hátindinn á norðurbarmi gígsins.

No 2: Litlu-Hekluleið: Stutt, en brött leið upp Heklu norðvestan frá, gengið yfir Litlu-Heklu. Ísöxi og mannbroddar eru að jafnaði nauðsynleg. Jöklalína getur einnig verið til þæginda. Skemmtileg fjalla-(Alpa)skíðaleið, sjá síðar.

Loftlína: 3 km

Lóðrétt hækkun: Ca. 85 m

Aætlaður göngutími: 2-3 klst

Ekið er út af veginum, sem liggar upp úr Landssveit (með Þjórsá að austan) ca. 3 km ofan við Galtalæk. Þar er ekið austur yfir Ytri-Rangá og fyrst suður á bóginning áleiðis niður á Rangárverlli, en

fljótlega er beygt út af til vinstri, rétt hjá túnbletti, sem merktur er sem eyðibýli (Næfurholt) á "Atlasblaði" No 57. Eftir það er jeppaslóð, ógreiðfær, yfir Suðurbjalla að norðurrótum Litlu-Heklu. Þar er yfirleitt jeppafært upp á hjalla norðan í Litlu-Heklu, í 600-700 m hæð.

Frá bíl er gengið upp á Litlu-Heklu (960 m). Þá er tekin stefna rétt hægra megin við Toppgíg (til SSA), fyrst niður af Litlu-Heklu yfir smávegis slakka og síðan upp hlíð Heklu, víða allbratt. Framan af má fylgja rindum upp á við, en ofar taka við jöklufannir, sem eru þó lítt sprungnar, ef framangreindri stefnu er fylgt. Varast ber hér að leita um of til vinstri á uppleiðinni, þar er brattara og meiri sprunguhætta.

Komið er upp á brúnina rétt vestan Toppgígs. Síðasta spölinn er stefnt beint á gíginn, sem er hæstur að norðan.

Litlu-Hekluleiðin er hentug fjalla-(Alpa-)skíðaleið. Á niðurleiðinni má hér renna sér ofan af fjallinu niður í slakkann ofan við Litlu-Heklu. Þaðan má menna sér niður gil rétt vestan Litlu-Heklu, eru þar jafnan fannir eitthvað fram eftir sumri.

No 3: Axlargígsleið: Fjölfarin leið á Heklu í dag. Fjölbreytileg, m.a. eru íshellar og brennisteinshitur við slóðina. Mannbroddar og ísöxi æskileg, einnig jöklalína, ef kanná skal íshella-myndanir vestan Toppgígs.

Loftlína: Ca. 5 km

Lóðrétt hækjun: Ca. 1100 m

Aætlaður göngutími: Ca. 4 klst.

Jeppafært er (sumarfært) upp að Litlu-Heklu, sjá No 2. Gengið er svo suðvestur með rótum Litlu-Heklu, þar til komið er að hraunstraumi (frá 1845), sem fallið hefur niður hlíðar Heklu. Er slakki eða gil milli hraunstraumsins og Litlu-Heklu. Gengið er upp hraunið hægra megin gilsins, uns komið er upp á hjalla (í ca. 900 m hæð). Héðan sér til Axlargígs (til S), og er tekin stefna skáhallt upp snjóbrekkur, beint á gíginn.

Við Axlargíg er víða mikill hiti og brennisteinsútfellingar. Þaðan er gengið til ANA austanvert í háhrygg Heklu, áleiðis upp að Toppgíg. Stutt suðvestan við Toppgíg má oft finna sérkennilega íshella. Gætaber þar fyllstu varúðar vegna sprunguhættu.

No 4: Næfurholtsleið: Gamalþekkt leið suðvestan á Heklu. Þessa leið gengu Eggert Ælafsson og Bjarni Pálsson á Heklu þann 20. júní 1750, fyrstir manna, að talið er. Löng leið, lítt farin eftir 1947.

Loftlína: 13 km

Lóðrétt hækjun: 1360 m

Aætlaður göngutími: 6-8 klst-

Gengið er upp frá bænum í Næfurholti, stefnt norðanvert við Rauðöldur (481 m). Komið er í hraun strax neðan Rauðalda, en brölt um hraun eftir það upp norðanvert í Höskuldsbjalla, allt fremur ógreiðfært. Fram að gosinu 1947 var jafnan farið á hestum upp að Höskuldsbjalla, en hestagatan fór undir hraun í gosinu.

Upp frá Höskuldsbjalla er **stefnt** upp afliðandi brekkur að Axlargíg, þar fyrir ofan, sjá leið No 3.

Helgi Benediktsson

Sighvatur Blöndahl

Ingvar Teitsson


-----

## LANGJÖKULL:

### Yfirlit:

Langjökull er annar stærsti jökull landsins,  $1021 \text{ km}^2$  að flatarmáli. Hæsta bunga hans er 1355 m, en annars er stórvhluti hans í 1200-1300 m hæð. Syðst og vestast er Geitlandsjökull, 1400 m hárr móbergsstapi, sem er áfastur jöklínunum. Nokkrir tindar eru við jaðar jöklúsins og hafa sérstakir hlutar hans sín eigin nöfn (sjá kort). Þrír tindar standa upp úr jöklínunum, Klakkur 999 m hárr, sem er við jaðar Vestari Hagafellsjökuls, Þursaborg 6 miðjum jöklínum og Fjallkirkjan ásamt fleiri nærliggjandi tindum vestan við Hrútafell. Jöklarannsóknafélagið hefur nú 12 manna skála í smíðum sem settur verður niður austan undir Fjallkirkjunni á vori komanda, og er hæð þess staðar um 1200 m.y.s.

Nokkrir **vegir** liggja að jöklínum. Af Kaldbaksvegi má aka inn í þjófakrók undir Geitlandsjökli, um brú á Geitá. Af Kjalvegi má aka inn að Hagavatni, sunnan undir jöklínum og inn í Þjófadali norðaustan við jökulinn. Frá öllum þessum stöðum er greiðfært upp á jökulinn nema úr Þjófadölum í Jökulkrók, þar getur Fúlakvísl



Langjökull - yfirlitskort

orðið farartálfni á sumrin. Varast skal sprungur austan undir Norðurjöklínnum og norðan við Geitlandsjökul seinni hluta sumars. Greiðfært er víða á Langjökul því brattir skriðjöklar eru fáir. Af greiðfærari leiðum má nefna af Skálpanesi við Bláfellsháls, og upp Norðurhvelið vestan við Hveravelli, þ.e. upp með Dauðsmannsgili.

Fjórir skálar eru í grend við jökulinn, þrír í eign Ferðafélags Íslands. Einn er í þjófadölum, anhar við Hvítárvatn og sér þriðji við Hagavatn. Einig er nýr skáli við Jökulstalla norðvestan við jökulinn. Eru skálarnir við Hagavatn og í þjófadölum hentugastir sem gististaðir þegar lagt er á jökulinn eða sem áfangastaðir.



Við Hagavatn. Þegar gengið er á Langjökul hjá Hagavatni er farið með vatninu og upp skaflinn á miðri mynd. Þar er yfirleitt sprungulaust.

Skiðaganga á Langjökul er heppilegasti ferðamátinn, en jökullinn er einnig mjög græiðfær snjóbílum og vélsleðum, því hann er tiltölulega sléttur. Ef aðeins á að ganga yfir jökulinn þá er fyrrihluti sumars (frá maí fram í júlí) besti tíminn. Vegir að honum eru lokaðir vegna vetrarsnjóá vorin og seinni hluta sumars opnast sprungur og í neðri hluta jökulsins bráðnar vetrarsnjórinн snemma og aftir varður ís. Hins vegar má fara yfir jökulinn sem þátt í lengri ferð á veturna eða vorin.

Nauðsynlegur útbúnaður, auk hlýrra skjólklaða, er jöklavaður, ein ísöxi og eitt par af mannbrotendum á hópinne. Ef gengið er í



Á Hagafellsjöklí vestri. Geitlandsjökull í baksýn. Langjökull er vel fallinn til skíðagöngu á vorin og snemma á sumrin, og eftir að skáli Jöklarannsóknafélagsins hefur verið reistur við Fjallkirkjuna verður mjög bætt úr öllum aðstæðum til súlikra ferðalaga.

línu á skíðum er best að ganga í einfaldri röð og hafa línuma strekkta. Ekki er alltaf nauðsynlegt að vera í línu þegar gengið er á skíðum því þau fljóta vel yfir minni sprungur. Ef farið er seinni hluta sumars er betra að vera saman í línu, en á vorin er það tæpast nauðsynlegt. Aðstæður verður alltaf að meta hverju sinni. Enginn ætti að leggja á jökulinn nema kunna að fara með áttavita af fullkomnu öryggi. Kennileiti eru fá á jöklínunum og ef skyggni er lélegt (sbr. þoka eða skafrenningur) er áttavitinn manns hægri hönd sem lýgur aldrei og ávallt á að treysta. Annað hjálpartæki má segja að sé ómissandi. Það er hæðarmælirinn. Sé hann notaður ásamt áttavita er hægt að staðsetja sig með nokkurri nákvæmni. Ferðir yfir jökulinn eru yfirleitt meira en dagsferðir. Því er nauðsynlegt að hafa jöklatjald sem þolir mikinn vind og allan útilegu útbúnað til næturgistingar, því skjól laust er á jöklínunum (sbr. Lið IIb í útbúnaðarlista Ferðanefndar).

Bestu kort af Langjökli eru Atlasblöð No 45 og 46, kvarði 1:100.000 frá Landmælingum Íslands. Einnig má styðjast við Atlaskort No 5, 1.250.000 frá sama útgefanda.

Fátt hefur verið ritað um Langjökul og er hann lítt kannaður af fræðimönnum, en Árbók Ferðafélagsins fyrir árið 1980 mun fylla um Langjökul og leiðir umhverfis hann.

#### Skíðagönguleiðir:

Skíðagöngumaðurinn er óbundinn ákveðnum leiðum, enda engar brautir og um fáfarnar slóðir að ræða. Einnig verður að taka tillit til færir á jöklinum þ.e.a.s. sprungur eru oft í jaðri hans á sumrin og ís sem myndast á yfirborði hans seinni hluta sumars. Hér skal tveimur leiðum lýst, en fleiri eru mögulegar.

#### 1. Hagavatn - Þjófakrókur:

Vegalengd - Um 25 km á jöкли. Um 5 km frá Hagavatnsskála að jökulrönd og 2 km frá jökulrönd að bílaslóð í Þjófakrók.

Hæðarmunur - Hagavatn er í 443 m. Geitlandsjökulskarð hæsti punktur leiðarinnar er í um 1125 m hæð og Þjófakrókur í um 600 m.

Aætlaður göngutími - 8 - 15 klst, en er misjafnt eftir færi.

Frá Hagavatnsskálanum er gengið upp að Nýjafossi (sést frá skálanum) og þaðan að Hagavatni. Gengið er austan við vatnið að jökulrönd. Best er að leggja á jöklinn austan við vatnsendann. Þar eru skaflar fram eftir sumri og hægt er að spenna skíðin strax á sig. Nú er gengið upp að snjólínu (um 1000 m í lok júní) og tekin stefna að Klakki með viðkomu efst á Hagafellinu. Ef færi er þungt skal gista við Klakk - ágætt skjól er að finna við hann, t.d. í snjóbrekkunni vestan við hann. Gangan á Klakk er létt og er víðsýnt til suðurs. Ef færi er gott skal halda í skarði milli Geitlands- og Langjökuls og gista þar. Tilvalið er að fara á Geitlandsjökul og er léttast að fara frá skarðinu. Efst uppi er mikil slétt og víðsýnt yfir Langjökul. Þaðan er fagurt útsýni í björtru. Síðan skal renna sér niður á Langjökulinn og að lokum renna sér niður í Þjófakrók. Varast skal sprungur og halda sig sérstaklega frá hlíðum Geitlandsjökuls. Ór skarðinu er best að stefna fyrst á Hafrafell en beygja síðan suður mitt á milli feilisins og Geitlandsjökuls. Engin þjónusta er við Þjófakrók og nauðsynlegt að láta sækja sig þangað eða ganga að Húsafelli.

## 2. Þjófadalir - Hagavatn:

Vegalengd - Um 40 km á jökli. Um 5 km frá Þjófadalaskála að jöklínnum og um 5 km frá jökulrönd að Hagavatnsskála.

Hæðarmunur - Þjófadalaskáli er í um 680 m hæð. Langjökull er á leiðinni hæstur 1355 m og lengi í um 1300 m hæð, og Hagavatnsskáli er í um 400 m hæð.

Frá Þjófadalaskála er gengið yfir þverfell og inn í Jökulkrók norðan við Fögruhlíð. Þar þarf að vaða nokkrar kvíslar sem vaxa tölувert í **rigningu** og/eða **hlýindum**, en ættu ekki að vera til trafala. Jökullinn er lítt sprunginn **hér** (þ.e.a.s. sumarið 1978) og er sléttur uppgöngu. Nú skal stefna norðan við jökulskerið í 1320 m hæð. Þaðan skal ganga á hæstu bungu Langjökuks, þ.e.a.s 1355 m bunguna. Nú eru aðeins 2 km að þursaborg, 1290 m háum kletti (nunatak) er stendur upp úr miðjum jöklínnum. Enda þátt aðeins 15 km ferðarinnar séu að baki er hér heppilegt að gista ef ganga á í tveimur áföngum. Þegar skáli Jöklarannsóknafélagsins hefur verið reistur við Fjallkirkjuna má gista þar í staðinn. Héðan **hallar** að mestu undan fæti að Hagavatni, þ.e. um 800 m lækkun, og þægilegt að fara það á skíðum. Héðan eru engin kennileiti á jökli og þarf því að taka beina stefnu að Hagavatni.

Guðjón Ó. Magnússon

## TINDFJÖLL

Síðastliðið haust skaut þeirri hugmynd upp, hvort ekki væri möguleiki að fá afnot af skála Fjallamanna í Tindfjöllum. Hófust viðræður við stjórn Fjallamanna um málið, og tóku þeir leitan okkar mjög vel. Nú er svo komið, að ISALP hefur fengið afnotarétt af skálanum, með eftirfarandi skilmálum.

Skálinn er eign Fjallamanna. ISALP hefur forgangs afnotarétt af honum ásamt Fjallamönnum. Skal ISALP hafa alla umsjón með honum, og sjá um viðhald, þ.e. vinnu og flutning á efni. Fjallamenn greiða allan útlagðan kostnað. Félagar ISALP greiða gisti gjöld eins og aðrir, sem gista skálann, enda eru þeir peningar, sem koma inn fyrir gistingu einu tekjurnar, og notast til viðhalds og kaupa á eldsneyti.

Þegar stærri hópar fara á vegum ÍSALP, skal tilkynna það Fjallamönnum, svo ekki komi til að tveir eða fleiri hópar komi að skálanum í einu.

Fjallamenn stofnuðu félag sitt snemma árs 1939, og hófu strax undirbúning að byggja skála á Fimvvörðuhálsi, undir forystu Guðmundar Einarsonar frá Miðdal. Lauk smíði skálans í september sama ár. Strax var þá farið að undirbúa smíði skálans f Tindfjöllum, sem lauk svo á árinu 1941. Voru þá uppi hugmyndir hjá Fjallamönnum að gera gönguleið fára á milli Tindfjalla og Fimvvörðuháls, um Emstrur, Hamraskóga, Þórsmörk og Heljarkamb.

Í Tindfjöllum eru þrír skálar. Tindfjallasel neðstur, eign flugbjörðunarsveitarinnar. Þá Miðskáli (Miðdalur), sem er í einka-eign. Efstur er svo skáli Fjallamanna. Leiðin úr Fljótsdal í Tindfjallasel er um 5 km. Er hún stikuð. Neðsta stikan er í 400 m hæð frammi í brúninni fyrir ofan sneiðinginn. Endurskinsmerki eru á stikunum og benda þau á næstu stiku. Tindfjallasel stendur í Smáfjallahrygg við Selgil í 700 m hæð. Þaðan eru um 2,5 km í skála Fjallamanna, sem stendur í um 850 m hæð. Rétt þar fyrir neðan er miðskálinn (Miðdalur) og er brekkan þar fyrir neðan stikuð.

Frá neðstu stikunni að Tindfjallaseli eru  $40^{\circ}$  misvísandi. Frá Tindfjallaseli að skála Fjallamanna eru  $49^{\circ}$  misvísandi. Frá Miðdal að skála Fjallamanna eru  $44^{\circ}$  misvísandi.

Það er ánægjulegt fyrir ÍSALP að vera búið að fá aðstöðu til æfinga á svæði sem býður upp á mikla möguleika til hverskonar klifurs og skíðaiðkana. Vil ég hvetja alla félaga ÍSALP til að notfæra sér þessa aðstöðu, og um leið vil ég minna á, að ef félagar ÍSALP ganga ekki vel um og greiða ekki gisti gjöldin, glatar félagið þessari aðstöðu, sem væri miður.

Erlingur B. Thoroddsen.

-----

### GÖNGUSKÍÐI

Ein nýjasta fjallaíþróttin um þessar mundir er án efa skíðaganga. Vitanlega er hún ekki ný, heldur endurvakin íþrótt, þar sem hægt er að rekja hana aftur mörg þúsund ár á Norðurlöndum. Þessi endurvakning á sér stað um allan heim og er slík, að aldrei hafa jafnmargir stundað skíðagöngu en einmitt nú. Þessi endurvakinng átti sér stað fyrir um 5 árum og hefur breiðst út um allan heim. Hefur Ísland ekki orðið þar útundan. Fjöldi þeirra vex, sem leggja stund á greinina hér á landi.



---

Við gígbarminn á Eyjafjallajökli. Hámundur framundan (efst á leiðum 5, 6 og 7 í Leiðarvísí). Þegar gengið er um sprungusvæði, á skilyrðislaust að hnýta sig í línu, og alltaf hafa strekkt á milli.

---

Svigið hefur orðið að þola átroðning í brekkunum og kostnaður hefur aukist samfara öruggari útbúnaði. Þar af leiðandi eru menn farnir að snúa sér að gönguskíðum, þar sem á þeim er hægt að ganga ótroðnar slóðir og notast við ódýrari útbúnað.

Skíðaganga á upp-tök sín á Norðurlöndum, þar sem landslag er öldótt. Þar er veturn langur. Betra er að stunda þar skíðagöngu en í Ölpunum, með sínar

bröttu brekkur. Því er aðstaða til skíðagöngu hér á Íslandi mjög góð.

Gönguskiðaiþróttinni má skipta í þrjá flokka: Keppnis-, ferða- og fjallaskiðarennslí. Keppni í skíðagöngu er nú mikilvæg grein á Vetrarólympiuleikunum, og er bundin við brautir og er lítið af þeim hérlandis. Fjallaskiði eru fyrir þá sem hafa reynslu á göngu- og svigskíðum ásamt því að vera reyndir í fjallamennsku og vetrarferðum. Í þessari grein mun ég gera dálitla grein fyrir íþróttinni.

Ferðaskiði eru notuð í ferðir upp í óbyggðir á ótroðnum slóðum. Skíðin eru breiðari en keppnisgönguskiði og með stálköntum. Ferðaskiðamaðurinn þarf bæði að geta skíðað á sléttlendi (sbr. keppnisskiði) og í mishæðóttu landi (fjallaskiði) og þarf hann því að vera fjölhæfur skíðamaður.

Klæðnaður - Flestir ferðaskiðamenn eru vanir fjallamenn og er fatnaður því lítill kostnaðarauki. Helst er að ofklæða sig ekki, því manni hlýnar fljótt á göngu. Nauðsynlegt er þó að hafa með sér hlý föt því manni kólnar fljótt þegar stansað er. Sérstaka gönguskiðaskó þarf með breiðri tá til að passa í bindingarnar, og með sveigjanlegum sóla. Sterkir gönguskiðaskór hafa ekki fengist hér á landi til þessa, aðeins keppnisskór og eru þeir óheppilegir til lengri ferðalaga hér á landi. Af sterklegrri skóm sem henta við íslenskar aðstæður eru KIKUT Model 813 Mountain Touring, randsaumaðir með Vibramslum.

Skíði og bindingar - Til skamms tíma voru öll skíði úr tré en nú eru þau næstum því úr sögunni. Fiberskiði hafa tekið við. Breidd skíðanna er um 6 sm. og lengd er fundin með því að teygja hendina upp fyrir höfuðið og velja skíði, sem ná að fingurgómum, Ef þú ert þungur miðað við hæð, þá þarftu aðeins lengri skíði.

Bindingar eru venjulega af "rottefella" gerð. Skórin er festur að framan með 3 pinnum og klemmu í bindinguna og er hællinn þá frjáls, en það er nauðsynlegt til að geta gengið á skíðunum. Bindingar sem mæla má með eru Rottefella 210 Tour eða SKILOM. Báðar hafa fengist hér. Sumir hafa verið með gormabindingar, en þær eru meira fyrir fjallendi en sléttlendi, og þá er betra að vera á fjallaskíðum. Nú nota fáir gormabindingar hérlandis. Loks þarf að vera lítil hælplata á skíðunum, til þess að hællinn grípi í beygjunum og við bremsun.

Annars er ekkert "rétt", því alltaf er útbúnaðurinn að breytast, sbr. tréskíðin sem til skamms tíma voru talin hið eina rétta, en tréskíði þarf að tjörubera reglulega og einnig þarf að setja á undirstöðuáburð, áður en rennslisáburður er borinn á. Fiberskíði sem tóku við af tréskíðunum fyrir nokkrum árum þarf hvorki að tjörubera né bera á undirstöðuáburð, en þau þurfa rennslisáburð. Geysisterk skíði af þessari gerð eru FISCHER Evrópa 77 og 99. Eru þau sterkstu skíðin sem völ er á og hafa reynst langbest hér á landi hvað varðar endingu. Hins vegar þarf að bera undir þau rennslisáburð og er hann mismunandi eftir færi.

Nýlega hafa þó orðið tvær breytingar. Í fyrsta lagi hefur komið fram **nýr** áburður, þ.e. einn fyrir blautan snjó og annar fyrir þurran snjó og í öðru lagi skíði sem þarf ekki að bera á áburð.



A leið í Grímsvötn í .oku. Nauðsynlegt er þá að ganga eftir áttavita. Best er að ganga í einfaldri röð og láta aftastamann stýra þeim fremsta, því kennileiti eru engin. Nauðsynlegt er að skipta um fremsta manns reglulega (5 - 15 mínútna fresti) því hætta er á snjóblindu.

Áburðarlaus skíði - Þessi skíði eru af tveimur gerðum; af mahaígerð með hárum, sem virka eins og selskinn, grípa í upp í móti eða við sprynu, en renna niður í móti, og af hreistur-gerð sem virka á svipaðan hátt. Hreisturskíðin hafa reynst betur og eru endingarbetri því hárin eyðast fljótt, en að sjálfsögðu má endurnýja þau. Mikið er deilt um hvort áburðarlaus skíði séu betri en áburðarskíði, en áburðarlausu skíðin hafa margt til síns ágætis, ekkert þarf að hugsa um hvaða áburð eigi að bera undir og því enginn "sóðaskapur" af áburði. Hins vegar, ef borid er rétt á áburðarskíði, er þeði rennsli og grip þeirra betra og yfirferðin því meiri. Áburðarlaus skíði verða stöðugt vinsælli, en í dag hafa framleiðendur ekki ennþá komið með nógu sterk skíði fyrir íslenskar aðstæður. TRAK Mountain eru þau skíði sem best hafa reynst hér á landi. Væntanlega bætast fleiri gerðir af skíðum við á næstunni því áburðarlaus skíði eru það sem koma skal.

Stafir - Skíðagöngustafir eiga að ná frá gólfí að handarkrika. Sumir mæla með bambusstöfum því þeir gefa betri sprynu, en fiber eða álstafir eru sterktari, og henta vel íslenskum aðstæðum.

Áburður - Meira að segja áburðarlaus skíði hafa gott af áburði til að auka grip eða rennsli. Hugmyndin með áburði er sú að hjálpa skíðabotninum að grípa í upp í móti og renna á sléttlendi eða niður í móti. Rétti áburðurinn gefur báða eiginleikana.

Þrjár gerðir af áburði eru til, harður og mjúkur áburður, og klístur. Harður og mjúkur áburður er í baukum og er aðallega ætlaður í nýföllnum snjó, en klístur í túbum sem er ætlað gömlum snjó og harðfenni. Rétti áburðurinn fer eftir hitastigi og notaðir eru mismunandi litir til að greina á milli þeirra, en áburður frá SWIX í Noregi hefur reynst vel.

Góður undirbúningur er fólginn í að hreinsa botninn af gömlum áburði. Jöfn og gætileg áborning og núningur með korki minnkar núningsviðnámið og eykur rennslisgildið. Má fullyrða að árangur er bundinn því hvort áburðurinn er rétt borinn á eða ekki.

Tréskíði þurfa meiri undirbúning. Tjöruáburð a.m.k tvísvar ámetri til að værja skíði frá bleytu og undirstöðuáburð svo að

rennslisáburðurinn haldist á. Tjaran hefur til skamms tíma verið brædd á skíðin en nú er hægt að fá tjöru í úðakönum.

Byrjendum er ráðlagt að byrja með fáar gerðir af áburði og prófa sig áfram. Ef þú sérð einhvern sem gengur vel á skíðum skaltu spyrja hann hvaða áburð hann noti. Það sparar mikla fyrirhöfn með veðurlýsingum og hitamælum.

Gönguskíðasvæði - Það eina sem þarf til skíðagöngu er snjór, og er yfirleitt nág af honum, á venjulegum vetri. Afar hentugt svæði fyrir byrjendur eru Bláfjöllin, því þar eru skíðabraitir. Annað skemmtilegt svæði í négrenni Reykjavíkur er Hellisheiði; Innstidalur - Hengilssvæði. Þegar reynsla manna eykst má fara í lengri ferðir, t.d. á Skjaldbreið að Hlöðufelli, í Tindfjöll og á Fimmvörðuháls. Ef menn gefa sér tíma eru ótal möguleikar á hálandinu og er oft fjör í að skreppa yfir landið á vorin því þá er snjórinna mikill og dagurinn farinn að lengjast. Höfum við hér á landi gott tækifæri til að iðka skíðagöngu upp í óbyggðum og ættum að nýta þessi tækifæri meira. Ekki eru gönguskíðin bundin við veturnar, því Lang-, Mýrdals- og Vatnajökull eru allir hentugir fyrir skíðaferðir á sumrin.

Skíðaqönquaðferðin - Við skíðagönguaðferðina þarf tækni, en hún er ekki flókin. Undirstöðuhreyfingin er "skáskref", einskonar ýkt ganga, sem á skíðum breytist í langt rennandi skref, eins og á skautum. Hreyfingunni er skipt í tvennt, Fyrst "spörkun" síðan "rennsli", styrkt með sterkri sveiflu frá gagnstæðum handlegg og staf. Aðferðin lærist best á sléttu svæði með jöfnum og samanþjóppuðum snjó. Best er að byrja með því að sleppa stöfunum og leggja áherslu á að kasta sér áfram, rennandi á annað skíðið á meðan sparkað er með hinu aftara. Þegar "spörkunin" er komin, á að renna og láta aftara skíðið koma inn í sveifluna og þá snýst hlutverkið við. Það er mjög mikilvægt að nýta hvert rennsli og eiga hreyfingarnar að vera hægar, jafnar og kraftmiklar. Síðan eru stafirnir teknir og hendurnar notaðar til að gefa aukið rennsli. Með æfingu má læra fleiri aðferðir fyrir mismunandi aðstæður, svo sem skautun á ísi eða harðfenni, "gæsagang" upp brekkur og "Telemark"beygjuna niður brekkur.

Kunnátta og hættur - Eins og í fjallgöngum er best að vera með félaga og skynsamlegan útbúnað. Að kunna á áttavita er mikilvægt því að í snjó og þoku geta smákennileiti horfið og í vindu hverfur allt í skafræningi. Þekking á snjóflóðahættu,



Við Grímsfjall skal varast sprungur sem liggja kring um Grímsvatnadalina. Ef farangur er mikill er léttara að draga hann á sérsmíðuðum fibersnjóþotum.

kali og ofkælingu er einnig nauðsynleg. Ef farið er í vetrarútilegu hefur maður með góða reynslu í summarútilegum sæmilega undirstöðu, en aðstæður eru harðari og þá sérstaklega veðrið.


Þessi stutta grein er aðeins innangur fyrir þessa íþrótt sem er sífellt að verða vinsælli og á eflaust eftir að draga fleiri til sín. Þeir voru að ég hafi gefið einhverja hugmynd um hana með þessu spjalli.

Guðjón Ó. Magnússon

KRÖKKT Á HIUNCHULIIN í NEPAL

Mjög krökkt var á tindinum Hiunchuliin í Nepal í október s.l. Tindurinn sem er um 7300 m hárr fékk heimsókn hvorki fleiri né færri en 45 fjallgöngumanna, þar af voru 20 Vestur-Þjóðverjar úr 26 manna leiðangri sem hinn frægi kappi Günther Sturm var í forsvari fyrir. Þykir það algert einsdæmi að 20 menn úr sama leiðangri nái einum og sama tindinum.

The  
**Good Companions**  
**Catalogue 1978**



**Blacks of Greenock**

### Eyjafjallajökulsferðin:

Lagt var af stað laugardagasmorguninn 11/11 frá Umferðarmiðstöðinni, þátttakendur 18, fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

Er kom austur undir Eyjafjöll, var tjöldum slegið í lág neðan undir Grýtutindi. Helgi Þen. og þrír aðrir öxluðu þó byrðar sínar þá þegar og stefndu upp á jökul. Fóru þeir beint upp frá tjaldstæðinu upp á Skerjahryggsleið, sjá 7. tbl. í SALP.

Meginhluti hópsins hélt inn að Gígjökulsþóninu, var komið þar upp úr kl. 12 á hádegi. Fórum við beint inn í jökulsporðinnum til æfinga. Þá kom í ljós, að fæstir í hópnum höfðu stigið fæti á jökul fyrr. Varð því úr þessu byrjendanámskeið í ferðalögum og klifri í ís og jökli. Stjórnaði Guðjón námskeiðinu, og var byrjað á meðferð mannbrotta og ísaxar. Dagurinn leið fljótt, og í rökkur-


byrjun um kvöldið fórum við úr jökulínum niður í bíl, sem beið okkar framan við lónið. Var svo haldið vestur í tjaldstað og farið að kokka kvöldverðinn.

Um daginn hafði veður verið þungbúið, vestangarri með slyddu, en undir kvöld stytti upp. Herti þá frostið og jafnframt lyngdi. var kyrrt og stjörnu-bjart um nóttina.



Í Gígjökli: Afð beiting brotta og axar

Á sunnudagsmorguninn vöknudum við um kl. 8. Var þá að byrja að þykna upp, virtist því ekki fýsilegt að ráðast til uppgöngu á Eyjafjallajökul. Dagsbirtan er líka full skammæ fyrir 8-10 tíma fjallgöngu. Á 10. tímanum ókum við svo inn að Gígjökli á ný og héldum æfingum áfram. Kennt var, hvernig jöklafarar eiga að binda sig saman í línu, og hvers ber að gæta, þegar gengið er í línu. Einnig var afð björgun úr jökulsprungu við mismunandi aðstæður.



Klifrað upp úr jöklusprungu með "prussik"-lykkjum á línu

þyngd og afkastagetu einstakra eldunartækja á markaðnum. Þá sýndi Ingvar Teitsson myndir frá Alpaferð klúbbsins á sl. sumri. Að lokum var fundur um Tindfjallaferðina, undir forystu Þórs Ægissonar.

Mæting var allgóð, 30 - 40 manns.

Ingvar Teitsson

#### Tindfjallaferðin:

EKKI eru allar ferðir til fjár og sannaðist það á Tindfjalla-ferð klúbbsins. Lagt var úr bænum á föstudagskvöld 1/12. Þáttakendur voru 7 og fararstjóri var Þór Ægisson. Þegar austur í Fljótshlíð kom var veður hið versta, mikið austan rök með úrkому. EKKI varð komist nema stutt upp fyrir Fljótsdal á bílunum því þá brotnaði öxull í öðrum þeirra. Atti nú að freista þess að ganga upp í skála en

Veður var þokkalegt fram eftir sunnudeginum, gekk þó á með éljum um og upp úr hádegi. Um kl. 3 héldum við úr jöklinum í tjaldstað, þar sem Helgi og hans menn voru þá komnir ofan af jököli. Höfðu þeir tjaldað í 950 m hæð neðst í Skerjunum, við jökulröndina. Um morguninn héldu þeir upp á hájökulinn, snoru loks við í dimmu hríðaráeli stutt neðan við Goðastein.

#### Myndakvöld:

Þann 22. nóvember var mynda- kvöld í Slysavarnarhúsinu. Arnþór Þórðarson sýndi myndir frá fjallgöngunámskeiði í Austur- ríki og fjallgöngum í Ölpunum. Einar H. Haraldsson hélt erindi um ferðaprímusa. Lagði hann ekki síst áherslu á notkun við erfið veðurskilyrði, svo og nýtni,

veðurhæðin var svo mikil að menn fuku hvað eftir annað um koll og miðaði lítt áleiðis. Varð þá að ráði að hefja skipulegt undanhald og gista í Fljótsdal um nóttina. Veður var ekkert skárra á laugardag og fóru þá flestir ætur í bæinn en tveir urðu eftir til að gera við bílinn sem bilað hafði kvöldið áður.

Magnús Guðmundsson

ÚTBÚNAÐUR

I.

I dagsferðum á vegum klúbbsins að vetrí til er eftirfarandi útbúnaður nauðsynlegur:

1. ullarnærföt
2. ullarskyrta/peysa
3. anorakur
4. ullar/stretchbuxur
5. ullarsokkar
6. ullarvettlingar
7. ullarhúfa
8. legghlífar
9. áttaviti og kort
10. stífir/hálfstífir skór

I bakpoka eftirfarandi:

1. lopapeysa
2. regngalli (100% vatnsheldur)
3. 2 pör ullarsokkar
4. vindvettlingar
5. nesti

A jöqli og í klifri (í bakpoka)

1. broddar
2. ísöxi
3. jöklabelti + hjálmur ef um klifur er að ræða ásamt prussikböndum
4. sólgleraugu
5. sjúkrataska - heftiplástur, teygjubindi, magniltöflur, álpoki, sólábúrður og varasalvi.

Annað (ekki krafist)

1. fjalla- eða gönguskiði
2. fjallavaður (3 menn á 40 m, 9mm vað)
3. deadman - ísfleygar - karabínur osfrv.

II.

Í helgarferðum á vegum klúbbsins að vetri til er eftirfarandi útbúnaður nauðsynlegur. (Allt í lið I ásamt II.(a) og (b)).

Skálaferð: (a)

1. svefnpoki
2. undirsæng (t.d. Karrimat)
3. prímus - helst með pumpu eða Optimus 88
4. pottar, diskur, hnífapör, bolli, hitabréði, eldspýtur vasahnífur
5. fjallaskeini
6. ennisljós og vararafhlöður
7. bakpoki

Tjaldferð: (b)

1. tjald með snjóskörum
2. skófla

Annar útbúnaður í lengri ferðum

1. dún/fiberjakki
2. varasokkar
3. varavettlingar
4. snjógríma
5. svefnpokahlíf úr Goretex
6. varastafir og skíðabeygja (ein á hópinн)
7. plast dráttarpota
8. auka eldsneyti
9. talstöð og útvarp
10. íssög
11. verkfæri - lím og naglar, Tesa strigalímband
12. plastpokar - stórir og litlir
13. vigt
14. spil, tafl, bækur
15. snæri og reimarr - nál og tvinni
16. vindfatnaður (t.d. dúnhelt léreft)
17. hæðarmælir
18. sjónauki

# Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



**Qore-Tex®**  
laminate  
**FATNAÐUR**

OG  
BAKPOKAR  
FRÁ  
**berghaus**



**Útilíf**

**GLÆSIBÆ  
SÍMI 30350**

Naomi Uemura:

### TÖLTI EINN SÍNS LIÐS Á NORÐURPÓLINN

Naomi Uemura japanski ofurhuginn kunni, sem frægur er fyrir margvísleg afrek á sviði fjallgöngu, gerði sér lítið fyrir, fyrr á þessu ári, að "tölta" einn síns liðs á Norðurpólinn fyrstur manna. Hann bætti um þetur og hélt förl sinni áfram og hélt til nyrsta hluta Grænlands, Kap Morris Jessup og þaðan rölti svo kappinn eftir endilöngum Grænlandsjökli, til syðsta odda hans við Narssarsuq. Hann er auðvitað eini maðurinn sem þessa eyðimerkurgöngu hefur lagt að baki.

Fyrstu spurningarnar sem lagðar voru fyrir Uemura við komuna til byggða voru annars vegar hvers vegna hann færi alltaf einn síns liðs og hins vegar hvað tæki nú við. - "Mér líkar einfaldlega ekki við málæði fólks við svona aðstæður, og þegar þú ert einn getur þú náð allri mögulegri orku út úr sjálfum þér sem er alveg nauðsynlegt við erfiðar aðstæður sem þessar", sagði Uemura, sem svar við fyrri spurningunni. - Seinni spurningunni svaraði kappinn á þann veg að það lægi alveg beint við að hann færi að undirbúa "solo"-ferð til Suðurpólsins sem hlyti að vera næsta viðfangsefni.



Naomi Uemura

Uemura er eins og áður sagði frægastur fyrir afrek sín á sviði fjallgöngu og má í því sambandi nefna að hann hefur klifið hæstu fjöll fimm heimsálfu; Mount Everest, 8148 m, hæsta fjall heims; Mount Blanc, 4810 m, hæsta fjall Evrópu; Aconcagua, 6970 m, hæsta fjall Suður-Ameríku; Mount McKinley, 6197 m, hæsta fjall Norður-Ameríku og Kilimanjaro, 5890 m, hæsta fjall Afríku. - Þetta hefur aðeins einn maður leikið eftir Uemura en það er Reinhold Messner, fremsti fjallgöngumaður allra tíma, sem á þessu ári hefur m.a. unnið þau frækilegu afrek, annars vegar að klífa Mount Everest, fyrstur manna án notkunar súrefnis, og hins vegar að klífa Nanga Parbat 8125 m einn síns liðs. - Sjá nánar í blaði 7. Þá má nefna í sambandi við afrek Uemura, að hann sigldi norður Amazonfljótið á smábát og auðvitað einn síns liðs.

Uemura var inntur eftir því hvort svona fyrirtæki kostaði ekki óhemjufé. - "Auðvitað kostar þetta peninga. Þessi leiðangur minn til Norðurpólsins og eftir Grænlandsjökli kostaði mig um 730 þúsund



dollara", eða sem nemur í kring um 230 milljónir íslenskra króna, sagði Uemura. - Dýrt Drottins orðið þar. - Það var japanskrt risafyrirtæki Dentsu, sem bar kostnað af uppátækinu.

Aðspurnður um undirbúning fyrir ferðina sagði Uemura að hann hafi lagt mjög hart að sér í 18 mánuði fyrir ferðina, m.a. lifði hann með eskimóum á Grænlandi í þrjá mánuði þar sem hann gerði sér sérstakt far um að kynnast náið meðferð hundanna sem yrðu förunautar hans í ferðinni.

Þá sagði Uemura um erfiðleika þá sem hann mætti á ferð sinni, að þeir hafi ekki verið teljandi, - "Verst var þegar ég þurfti að ganga á fund páfans og það í 50 til 60 gráðu frosti ( $^{\circ}\text{C}$ ). Það gjólaði frekar napurlega", sagði kappinn að síðustu.

---

Kappinn við komuna til Narssarsuq á Grænlandi.

---

Sighvatur Blöndahl

-----

FERÐIR OG FUNDIR Í SALP Í JANÚAR-MARS 1979

þar sem félagið hefur tekið á leigu húsnæði að Grensásvegi 5, annarri hæð, verða allir fundir haldnir þar. Einnig verður opið hús á miðvikudögum frá kl. 20.30. Fyrst verður það miðvikudaginn 31. janúar.

24. jan. miðvikudagur - Félagsfundur kl. 20.30

Almennur fundur. Flutt verður erindi um skó, sýndar skuggamyndir frá Grænlandi og norður Noregi. Einnig verða sýndar myndir frá Tindfjöllum.

Á fundinum verður fjallað um ferð á Esju, sem farin verður laugardaginn 27. janúar. Fundurinn verður á Grensásvegi 5.

27. jan. laugardagur - Esja

Tilhögun ferðarinnar verður rædd á fundinum, sem verður 24. jan. Farið verður kl. 8 um morguninn. Fararstjóri verður Torfi Hjaltason s. 24726, og þurfa lysthafendur að tala við hann á fundinum 24. jan. eða hringja í hann fyrir þann tíma.  
Ath. ferðin er á laugardegi.

11. febr. sunnudagur - Skessuhorn

Rætt verður um ferðina miðvikudaginn 7. febr. á Grensásvegi 5 kl. 20.30. Umsjón með ferðinni hefur Magnús Guðmundsson s. 30274. Þeir sem ætla í ferðina hafi samband við Magnús fyrir 7. febr. ef þeir komast ekki á fundinn.

21. fððr. miðvikudagur - Aðalfundur kl. 20.30

Fundurinn verður á Grensásvegi 5 kl. 20.30. Á fundinum verður auk aðalfundarstarfa sýndar yfirlitsmyndir frá starfi síðasta árs, og rætt verður um ferð á Botnsúlur, sem verður farin helgina 24.-25. febr.

24.-25. febr. laugard.-sunnud. - Botnsúlur

Rætt verður um tilhögun ferðarinnar á aðalfundinum. Umsjón með ferðinni hefur Arngrímur Blöndahl sími 17917 og þurfa menn að tala við hann fyrir þann tíma ef þeir komast ekki á fundinn.

10.-11. mars laugard.-sunnud. - Vesturhliðar Hengils

Fjallamennskunámskeið í snjó. Þetta verður bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Rætt verður um ferðina á miðvikudaginn 7. mars kl. 20.30. Upplýsingar um ferðina fyrir fundinn gefur Helgi Benediktsson sími 86939 og 12045. Þeir byrjendur sem hyggjast fara á námskeiðið hringi í Helga fyrir fundinn.



21. mars miðvikudagur - Félagsfundur

Efni: m.a. talað um Tindfjallaferðina helgina 24.-25. mars. Fundurinn verður að Grensásvegi 5.

24.-25. mars laugard.-sunnud. - Tindfjöll

Fjalla- og gönguskíðanámskeið. Ferðin er einnig fyrir þá, sem hafa ekki skíði. Nánar verður rætt um ferðina á fundinum 21. mars.

# VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp  
Trails

Bergans  
OF NORWAY

MoAc



ajungilak.



Blacks  
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



# SKÁTABÚÐIN

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík

SÉRVERSLUN  
FYRIR  
FJALLA- OG  
FERÐAMENN.